



Fylgiskjal með skattframtali árið 2026

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

Tegund		Gerð og stærð		Árgerð	Skráningarnúmer
Notkunartími Frá Til	Staða mælis í árslok eða þegar bifreið er seld	Staða mælis í ársbyrjun eða þegar bifreið er keypt	Samtals eknir km Km	Akstur í eigin þágu, þ.m.t. til og frá vinnu Km	Akstur í þágu atvinnurekstrar Km

Eldsneyti	Smurning, stillingar o.fl.	Hjólbarðar	Viðgerðir/varahlutir	Skattur	
Tryggingar	Annað, hvað		Afskrift, sbr. að neðan	Kostnaður alls	Kostnaður á ekinn km B kr.

$$\text{Fjárhæð í reit C færist til frádráttar á rekstrarreikningi} \quad \text{km} \times \text{Kostnaður á ekinn km, sbr. reit B} = \text{C kr.}$$

[illegible]

Undirskrift

Skýringar

Á eyðublað þetta skal færa rekstrarkostnað fólksbifreiða sem eigi er heimilt að fyrna, þar eð fólksbifreiðin telst ekki vera atvinnurekstrartæki manns en þó notuð að hluta við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans. Til fólksbifreiða í þessu sambandi teljast skutbifreiðir (station), sendiferðabifreiðir fyrir fleiri farþega en tvo auk ökumanns svo og jeppar. Í reitnum „Gerð og stærð“ skal m.a. tilgreina um hvers konar bifreið er að ræða að þessu leyti.

Gera skal grein fyrir rekstrarkostnaði bifreiðarinnar að meðtalinni ársafskrift sem reiknast 1.034.000 kr. án tillits til gerðar hennar og kaupverðs. Afskrift bifreiðar sem notuð er hluta úr ári reiknast hlutfallslega. Afskrift þessa má eigi færa til lækkunar á stofnverði bifreiðarinnar.

Til frádráttar tekjum af atvinnurekstri skal færa þann hluta af heildarkostnaði bifreiðar sem svarar til afnota hennar í atvinnurekstrinum, enda geri eigandi grein fyrir heildarnotkun ökutækisins í kílómetrum, sundurliðaðri eftir akstri í eigin þágu, þ.m.t. akstur milli heimilis og vinnustaðar, og akstri í þágu atvinnurekstrar.

Athugið

Hafi maður gert fjármögnunarleigusamning um fólksbifreið sem ekki telst atvinnurekstrartæki í hendi hans, en er þó notuð að hluta við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans, þá er óheimilt að gjaldfæra leigugreiðslurnar. Við ársuppgjör á heildarrekstrarkostnaði slíkrar bifreiðar ber að reikna 1.034.000 kr. sem fasta ársfyrningu vegna skattframtals 2026.

Sé fólksbifreið, sem annars væri eigi heimilt að fyrna, eingöngu notuð við atvinnurekstur t.d. bifreiðin sé talin nauðsynleg til flutnings á starfsmönnum og vinnuáhöldum milli vinnustaða, má fallast á að slík bifreið verði fyrnd, enda sé ekki um einkaafnot eiganda að ræða. Ef starfsmenn launagreiðanda hafa einkaafnot af slíkum bifreiðum skulu þau einkaafnot metin þeim til tekna sem hlunnindi samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra.